

Háskóli Íslands Jarðvísindastofnun – Askja  
b/t Magnús Tumi Guðmundsson  
Sturlugötu 7  
101 Reykjavík



Vestmannaeyjum 16. september 2015  
UST201509-108/P.V.B.  
09.05.01

### Efni: Surtsey - umsókn um leyfi til vettvangsferðar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi frá Magnúsi Tuma Guðmundssyni, prófessor við Háskóla Íslands, dagsett 15. september 2015, vegna óskar um fararleyfi til Surtseyjar 19. eða 20. september 2015. Sama aðila var veitt fararleyfi dags. 7. ágúst 2015 til Surtseyjar dagana 12. eða 14. ágúst 2015. Ekkert varð af þeirri ferð vegna veðurs.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótn jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga á land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim, eða til kvíkmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sterka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

#### Lýsing umsóknar:

Samkvæmt umsókn tengist ferðin áætlunum sem eru í gangi um nýja vísindaborun í Surtsey 2016 eða 2017 og er tilgangur ferðarinnar að kanna hvernig best megi haga borunum í Surtsey. Til þess að undirbúa umsókn um leyfi til borunar og frekari umsóknir um fjármagn vilja nokkrir aðstandendur umsóknarinnar fara í u.þ.b. þriggja tíma ferð til eyjarinnar. Í ferðinni yrði hiti í borholuni sem boruð var 1979 jafnframt mældur Farið yrði með þyrlu frá Norðurflugi 19. eða 20. september 2015 og ræðst ferðadagsetning af veðri.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að vettvangsferðin muni ekki stofna lífríki Surtseyjar í hættu ef farið verður eftir þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur.

#### Skilyrði

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið þann 19. eða 20. september 2015:

- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.



- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns Umhverfisstofnunar, sem verður með í för.
- Leyfið gildir eingöngu fyrir eftirtalda aðila:
  - Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor við HÍ
  - Tobias B. Weisenberger, sérfræðingur á Ísor
  - Kristján Jónasson, sérfræðingur á Náttúrufræðistofnun
  - Dennis Nielson, sérfræðingur í rannsóknarborunum og einn þátttakenda í umsókninni.
  - Þyrluflugmaður frá Norðurflugi (Jón Kjartan Björnsson).
  - Aðstoðarflugmaður frá Norðurflugi (NN)

Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á því að fyrirhugaðar vísindaboranir eru leyfisskyldar til stofnunarinnar óháð því að nú hefur verið veitt fararleyfi til undirbúnings framkvæmdanna.

#### Eftirlit

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit á meðan á vettvangsferðinni stendur. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 535/2015, 11.900 kr/klst.

Virðingarfyllst



Sigríður Kristjánsdóttir  
Sviðsstjóri

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur